

Nd.

87. Tillaga

til þingsályktunar um kaup á húseigninni nr. 16 við Hafnarstræti.

Frá atvinnumálaráðherra.

Alþingi ályktar að heimila atvinnumálaráðherra að kaupa fyrir hönd ríkissjóðs, til afnota fyrir landssímann, húseignina nr. 16 við Hafnarstræti í Reykjavík.

Greinargerð.

Hús það, sem landssiminn hefir til afnota hér í bænum, er ekki stærra en svo, að innan skamms tína verður óhjákvæmilegt fyrir hann að bæta við sig húsnæði. Húseignin nr. 16 við Hafnarstræti er næsta hús við landssímastöðina og er því hentugt til viðbótar í þessu skyni. Þar sem nú húseign þessi var til sölu í haust, þótti stjórninni rjett að tryggja það, að ríkissjóði gæfist kostur á að eignast hana, og hefir því gert kaupsamning um eignina, að áskildu samþykki Alþingis. Með tillögu þessari er farið fram á, að Alþingi samþykki þessa ráðstöfun.

Nanari skýringar verða gefnar um málið í umræðum.